

Íslenska kalkþörungafélagið ehf  
Hafnarteigi 4  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 9. ágúst 2019

UST201901-100/H.E.

08.10.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 21. maí 2019, hjá Íslenska kalkþörungafélaginu.**

Þann 21. maí sl. fór fram eftirlit í Íslenska kalkþörungafélagið á Bíldudal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfestar voru úrbætur vegna fjögurra eldri frávika. Úrbótum vegna fráviks varðandi umgengni á lóð er áætlað að ljúki í lok árs 2019. Unnið er að endurhönnun vegna rykmengunar og hávaða og mun rekstraraðili senda heildstæðari áætlun vegna þess í lok september nk. Rekstraraðili vinnur eftir uppfærðri úrbótaáætlun varðandi þrjú önnur eldri frávik og áætlað að þeim verði lokið í lok september nk.

**Premur ábendingum var komið á framfæri í eftirlitinu og fimm ný frávik staðfest:**

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæla skal setmyndun í sjávarbotni utan við setlón þriðja hvert ár og samkvæmt því átti að mæla setmyndun á síðasta ári. Í eftirlitsskýrslu frá 15. nóvember sl. kom fram að mælingar hefðu farið fram en niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir.
2. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Sýnileg rykmengun var úr skorsteini frá hreinsivirkni kögglnunar í verksmiðjunni (granulation plant) þegar vettvangsheimsóknin fór fram sem bendir til að hreinsun í útblæstrinum sé ekki nægjanleg.
3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Mælingar á svifögnum í sjó fyrir árið 2018 liggja ekki fyrir en skv. starfsleyfinu á að framkvæma slikar mælingar tvisvar sinnum á ári, strax eftir dælingu hráefna.
4. Grein 4.5 í starfsleyfi og reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað en skv. ákvæðum reglugerðar skal skila

því fyrir 1.maí. Rekstraraðili óskaði eftir fresti til 30. júní sl. að skila grænu bókhaldi en það hefur ekki borist stofnuninni.

5. Grein 4.5 í starfsleyfi og reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald.  
Rekstraraðili hefur ekki skilað útstreymisbókhaldi fyrir árið 2018 en samkvæmt ákvæði reglugerðarinnar ber að skila því fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili óskaði eftir fresti til 30. júní sl. en skýrslan hefur enn ekki borist stofnuninni.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23. ágúst, 2019.**

Virðingarfyllst



Halla Einarsdóttir



Einar Halldórsson

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþorungafélagið Bíldudalur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	21 05 2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþorungafélagið	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudalur	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Halldórsson	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis	Almar V A. Sveins /Sólveig D. Símonard.	Staðsetning	288910,327 584086,181

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fanð var í fyrri reglubundnu vettvangsferð eftirlits á árinu í Íslenska kalkþorungafélagið hf. Í vettvangsferðinni var logð fram uppfærð úrbótaáætlun vegna útstandandi frávika úr eftirliti 2018 og fyrirvaralausri vettvangsferð í febrúar sl. Staðfestar voru úrbætur vegna tveggja frávika frá árinu 2018, samkvæmt upplýsingum rekstraraðila hafa auk þess úrbætur verið gerðar vegna tveggja annarra frávika en unnið er að úrbótum vegna fimm frávika samkvæmt úrbótaáætlunum. Í vettvangsheimsókninni voru staðfest fimm ný frávik frá starfsleyfi og þremur ábendingum komið á framfærni.

## UMFANG EFTIRLITS

Boða umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðasta eftirlitsskýrsla og úrbætur útistandandi frávika
2. Viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa
4. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

### 1. Síðasta eftirlitsskýrsla og úrbætur útistandandi frávika

Uppfærð úrbótaáætlun vegna útistandandi frávika var lögð fram í eftirlitini. Þrjú frávik frá árinu 2018 eru útistandandi og ásamt þremur öðrum sem fram komu í fyrirvaralausri vettvangsferð 28. febrúar sl.

- Frávik frá grein 2.5. í starfsleyfi: Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun er stefnt að uppfærslu gæðahandbókar fyrir lok júní 2019 og mun vinna við innleiðingu umhverfisstjórnunarkefis fara fram í kjölfarið. Mannabreytingar hafa orðið í verksmiðjunni á árinu, nýr forstjóri Halldór Halldórsson hefur tekið til starfa, Almar V. A. Sveinsson er settur framleiðslustjóri og Sólveig Dröfn Símonardóttir sem gæðastjóri. Farið var yfir með rekstraraðila hvaða aðgerðir eru hafnar til innleiðingar á betri umhverfisstjórnun fyrirtækisins s.s. eftirlit með mengunarvarnabúnaði, bættar skráningar, þjálfun starfsfólks, endurmenntun ofl. Áætlað er að umhverfisstjórnarkerfi verði komið á fyrir lok september nk. Umhverfisstofnun hefur borist staðfesting um að uppfærslu gæðakerfis sé lokið og vottun FEMAS sé hafi farið fram um miðjan júlí.

- Frávik frá grein 3.3. í starfsleyfi: Í eftirlitu í febrúar sl. kom fram að pantaðar hafa verið árekstrarvarnir fyrir olíutank. Umhverfisstofnun hefur borist staðfesting um að árekstrarvörnum hafi verið komið fyrir. Unnið hefur verið að tiltekt á lóð fyrirtækisins og áfram er unnið að því að henni ljúki fyrir árslok.

- Frávik frá grein 3.4 í starfsleyfi: Unnið að hónnun úrbóta í samræmi við krófur BATC og gögn lögð fram varðandi uppfærslu hreinsivirkja fyrir útblástur. Rekstraraðili fór yfir hugmyndir að úrbótum. Áætlað að leggja fram heildstæða áætlun frekari úrbætur til að lágmarka ryk fyrir lok september nk.

- Frávik frá grein 3.13 í starfsleyfi: Í eftirlitinu kom fram að úrbætur þessa fráviks helst í hendur við úrbætur til lágmörkunar ryks. Farið var yfir skráningar á mældum hávaða frá verksmiðjunni sem mældur er í íbúaþyggðinni. Hægt hefur verið á blásurum til að lágmarka hávaðann og benda skráningar á hávaða til þess að sú aðgerð hafi borið árangur. Umhverfisstofnun hefur borist gögn sem sýna frekari aðgerðir til að lágmarka hávaða s.s. einangrun á blásurum og upsetningu hljóðempandi platna í rjáfur.

- Frávik frá grein 3.12 í starfsleyfi: Áætlað er að endurpakka uppsöfnuðum birgðum af ryki sem geymt er á lóð og senda í Frakklandi þar sem að það verður nýtt sem áburður. Áætlað er að því útflutningi ljúki fyrir lok september nk.

- Frávik frá grein 4.2 í starfsleyfi: Áætlað er að mæla ryk í útblæstri frá ollum skorsteinum verksmiðunnar í næstu reglubundnu mælingu (seinni hluta árs 2019).

### 2. Viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar er til staðar en þarfast uppfærslu vegna mannabreytinga í

## fyrirtækunu

### 3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Eftirlitsaðili kynnti leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa sem Umhverfisstofnun hefur unnið fyrir eftirlitsþega Rekstraraðila er bent á að nýta leiðbeiningarnar við uppfærslu viðbragðsáætlunar

### 4. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda

Rekstraraðili lagði fram fullnægjandi tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.

### 5. Áhættumat til ákvorðunar á tíðni eftirlitsferða

Með breytingu á logum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfsemínnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat sem var kynnt rekstraraðilia í eftirlitinnu. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka heildraena rýni á niðurstoður áhættumatsins og nota til ákvorðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

### Skoðunarferð.

Eftirlitsmenn urðu varir við sýnilega reykmenugun frá einum skorsteini verksmiðjunnar. Á eftirlitsfund kom fram að rekstraraðili hefði ekki orðið var við óeðlilegan rekstur hreinsivirkisins en að unnið væri að endurhonnun ryksofnunar frá búnaðinum sem tengdist þessum skorsteini. Talsvert sýnilegt ryk var í verksmiðjunni. Greinilegur árangur sést á tiltekt á lóðinni en þar er enn verk óunnið sem eins og áður hefur komið fram að ljúki á árinu. Þá er unnið að betra skipulagi á lóðinni svo að geymslusvæði fyrir hráefni og setlón sé betur afmarkað.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

##### Grein 4 2 í starfsleyfi

Mæla skal setmyndun í sjávarbotni utan við setlón þriðja hvert ár og samkvæmt því átti að mæla setmyndun á síðasta ári í eftirlitsskýrslu frá 15. nóvember sl kom fram að mælingar hefðu farið fram en niðurstoður þeirra liggja ekki fyrir

##### Grein 3 7 í starfsleyfi

Sýnileg rykmengun var úr skorsteini frá hreinsivirkri kogglunar í verksmiðjunni (granulation plant) þegar vettvangsheimsóknin fór fram sem bendir til að hreinsun í útblæstrinum sé ekki nægjanleg

##### Grein 4 1 í starfsleyfi

Mælingar á svifognum í sjó fyrir árið 2018 liggja ekki fyrir en skv starfsleyfinu á að framkvæma slíkar mælingar tvívar sinnum á ári, strax eftir dælingu hráefna

##### Grein 4 5 í starfsleyfi og reglugerð 851/2002

Grænu bókhaldi fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað en skv ákvæðum um grænt bókhald

reglugerðar skal skila því fyrir 1 maí. Rekstraraðili óskaði eftir fresti til 30. júní sl að skila grænu bókhaldi en það hefur ekki borist stofnuninni

##### Grein 4 5 í starfsleyfi og reglugerð 990/2008

Rekstraraðili hefur ekki skilað útstremisbókhaldi fyrir árið 2018 en samkvæmt ákvæði reglugerðarinnar ber að skila því fyrir 1. maí ár hvert

Rekstraraðili óskaði eftir fresti til 30. júní sl en skýrslan hefur enn ekki borist stofnuninni

## ÁBENDINGAR

Uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda m/tt mannabreytinga í verksmiðjunni. Rekstraraðila er bent að nýta leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa sem kynntar voru í eftirlitinu við endurskoðun viðbragðsáætlunarinnar.

Rekstraraðila var bent á að huga tímanlega að næstu útblástursmælingu til að tryggja að hún fari fram innan tímaramma starfsleyfisins (fyrir 1. okt nk.) Mæla skal útblástur í ollum útblástursopum verksmiðjunnar.

Tvær kvartanir hafa borist Umhverfisstofnun frá síðasta eftirliti í lok febrúar sl Kvartanirnar snéru að hávaða í byggðinni frá verksmiðjunni

1 Frávik Framkvæmd telst ekki í samræmi við krofur sem settar eru fram í starfsleyfi, logum eða reglugerðum  
2 Athugasemd Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og oryggis en sem ekki geta talist fravík

Reykjavík, 09.08.2019

Halla Einarsdóttir  
Halla Einarsdóttir